

Nd.

300. Álit

um frv. til laga um bifreiðaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg get ekki fallist á það, að rjett sje að leggja slíkan skatt á bifreiðar, sem frv. þetta fer fram á, og ræð því háttv. deild til þess að fella frumvarpið.

Skattur þessi er rjettlættur meðal annars með því, að bifreiðar spilli vegum meira en aðrir vagnar. Þetta er nú fyrst og fremst mjög vafasamt, og jafnvel því gagnstæða haldið fram af öðrum. En þó að svo væri, þá ber á það að lita, hve mikil samgöngubót er að bifreiðum, þar sem þeim verður komið við hjer á landi.

Samanburður í þessu efni við önnur lönd virðist tæplega geta komið til greina. Það mun rjett vera, að jafnvel talsvert hærri skattur en hjer er um að ræða sje lagður á bifreiðar í öðrum löndum. En þar getur það líka til sanns vegar færst að telja bifreiðar »luxus«. Þar sem járnbrautir hafa verið lagðar um löndin þver og endilöng, og svo að segja heim undir hvert býli, eins og í Danmörku, og þær kostaðar af ríkinu að meira eða minna leyti, og oft og tíðum reknar með tapi, einmitt með það fyrir augum að ljetta undir með flutningum og ferðalögum á landi, þar er vissulega öðru máli að gegna, þó að jafnvel allháir skattar sjeu lagðir á slík tarartæki sem bifreiðar. Þar verða bifreiðarnar keppinautar þeirra samgöngutækja, sem almenningur notar mest, og draga frá þeim tekjur, án þess þó að gera flutninga eða ferðalög ódýrari, og jafnvel þvert á móti.

Hjer á landi verður bifreiðaskatturinn beinlinis skattur á framförum, á hinum nauðsynlegustu samgöngubótum. Jeg neita því ekki, að sanngjarnt geti verið að leggja einhvern lítilsháttar skatt á bifreiðar, t. d. sem svaraði lestagjalði af skipum, eða jafnvel ríflega það. En svo háan skatt, sem hjer er farið fram á, eða alt að 300 kr. á bifreið, verð jeg að telja alveg óhæfilegan, enda mundi hann verða til þess að koma öllum bifreiðaflutningum á fárra manna hendur og ef til vill gera þá margfalt dýrari en vera þyrfti. En vegna þess, að sá skattur, sem jeg teldi hæfilegan, mundi nema svo litlu, að ríkissjóð drægi það lítið, þá hefi jeg ekki fundið ástæðu til þess að gera breytingartillögu um lækkun skattsins.

Alþingi, 10. apríl 1921.

Jakob Möller.